



Hreppsnefnd 29.04.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 29.,. apríl 2003.

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn í Miklagarði þriðjudaginn 29. apríl 2003 kl. 1600

Mættir: Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Aðalbjörn Björnsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn H. Sigurbjörnsson og Borghildur Sverrisdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 8. apríl sl.

Björn Halldórsson spurði um stöðu mála varðandi úthlutun á byggðakvóta, sem Vopnafjarðarhreppi var úthlutað. Einnig var spurt um Bústofnsleigusjóð og hvað liði hugmyndum um að sjóðurinn aðstoðaði bændur við kvótakaup. Jafnframt var spurt hvað liði frágangi á vinarbæjarsamstarfi við Götu kommunu. Oddviti og sveitarstjóri svöruðu fram komnum fyrirspurnum og í framhaldi af því urðu nokkrar umræður varðandi úthlutun byggðakvóta. Fyrirliggjandi fundargerð hreppsnefndar var síðan rædd og var hún samþykkt með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 15. apríl sl.

Fundargerð félagsmálanefndar frá 15. apríl sl. rædd. Sveitarstjóri gerði grein fyri því að mikil eftirspurn væri eftir viðbótarlánum til húsnæðisкупа. Ákveðið var að fela honum að sækja um viðbótarfjármagn af þessum sökum. Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkv.

3. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 3. apríl sl.

Fundargerð atvinnumálanefndar frá 3. apríl sl. lögð fram til kynningar. All miklar umræður urðu um fundargerðina. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur undir ályktanir nefndarinnar sem fram koma í tl. 1 og 3 og felur atvinnufulltrúa að vinna að undirbúningi og boðun funda. Ennfremur samþykkir hreppsnefnd að taka undir staflíði b og c í 7. tl. fundargerðar atvinnumálanefndar frá 3. apríl sl. og felur atvinnuálafulltrúa að koma málunum á framkvæmdastig.

4. mál. Fundargerðir bygginganefndar frá 14. apríl sl.

Fundargerð bygginganefndar frá 14. apríl sl. lögð fram.

Hreppsnefnd samþykkir að gerð verði úttekt á viðhaldspörf húsnæðis í eigu sveitarfélagsins. Fundargerðin samþykkt.

5. mál. Kjörskrá Vopnafjarðarhrepps, vegna Alþingiskosninga 10. maí nk. og kosning kjörstjórnar.

Kjörskrá fyrir kosningar til Alþingis 10. maí 2003.

Lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Hagstofu Íslands. Samkvæmt kosningalögum

23. gr. A-lið 1. mgr. miðast kjörskráin við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag eða 5. apríl 2003.

Alls eru 565 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir Alþingiskosningar 2003, þar af eru 301 karl og 264 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir framlagða kjörskrá fyrir kosningar til Alþingis 10. maí 2003 eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana

Næst var tekin fyrir kosning í kjörnefnd, vegna komandi Alþingiskosninga.

Fram kom tillaga um eftirtalda:

“Aðalmenn: Baldur Kjartansson, Svanborg Víglundsdóttir og Sigríður Edda Wium Guðmundsdóttir.

Varamenn: Reynir Árnson og Hrafnhildur Helgadóttir. “

Tillagan samþykkt með 7 atkv.

6. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) SSA bréf dags. 2. apríl sl., varðandi byggingu 2. áfanga skólahúsnæðis við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Lagt fram bréf SSA frá 2. apríl 2003 varðandi byggingu 2. áfanga skólahúsnæðis við Menntaskólann á Egilsstöðum og samninga aðildarsveitarfélaga um skiptingu kostnaðar. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir áætlaðan heildarkostnað og skiptingu hans milli ríkis og sveitarfélaga. Áætlaður heildarbyggingarkostnaður með búnaði og lóð er 198 m.kr., þar af er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði 40 % og ríki 60 %. Hlutur Vopnafjarðarhrepps er áætlaður kr. 3.224.850 eða 4,07 %. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin geti greitt framlög sín með jöfnum greiðslum á 4 árum.

Afgreiðslu málsins frestað þar til skýrari línur liggja fyrir um tímasetningu framkvæmda o.fl.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar telur að eðlilegra hefði verið að kynna betur fyrir sveitarfélögum áform um viðbyggingu við Menntaskólann á Egilsstöðum þ.e. byggingarhraða og kostnað áður en send er einhliða tilkynning um kostnaðarhlutdeild viðkomandi sveitarfélaga.

b) Fundargerð vegna vettvangskönnunar verktaka í tengslum við útboð á Brimvarnargarði milli Miðhólma og Skiphólma frá 15. apríl sl.

Lögð fram til kynningar.

Undir þessum lið var og lögð fram fundargerð vegna opunar tilboða í Brimvörn milli Miðhólma og Skiphólma en tilboð voru opnuð kl. 11.00 í dag 29. apríl 2003. Tilboð bærust alls frá átta verktökum sem eru:

1. Sandblástur e.h.f. Seyðisfirði 148.825.000,00
2. Hafnarverktakar e.h.f. (staðfest símskeyti) 164.437.000,00
3. Ístak h.f. 183.680.151,00
4. Klæðning e.h.f. 196.750.000,00
5. Héraðsverk e.h.f. 216.845.100,00
6. Suðurverk h.f. 122.191.000,00
7. Árni Helgason e.h.f. 167.320.000,00
8. S.G. Vélar e.h.f. 183.400.000,00

Kostnaðaráætlun Siglingastofnunar 150.930.000,00

Tilboðin hafa verið send Siglingastofnun til yfirreiknings. Lægsta tilboð er frá Suðurverk h/f að fjárhæð kr. 122.191.000, sem er 80,95 % af kostnaðaráætlun.

c) Varasjóður húsnæðismála, bréf dags 15. apríl, varðandi rekstrarframlög.

Fram kemur að Vopnafjarðarhreppur fær ekkert Rekstrarframlag.

d) Bréf Umhverfissráðuneytisins dags 8. apríl sl., varðandi skipun í Hreindýraaráð.

Í bréfinu er tilkynnt hverjir hafa verið skipaðir í Hreindýraaráð og fyrir hverja þeir eru skipaðir.

e) Ályktun Fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. Sveitarfélaga 10. apríl sl., varðandi sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

f) Fundur með fulltrúum Þróunarstofu Austurlands 16. apríl sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.